

Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Magnús Ingi Jónsson, Jónína Guðmundsdóttir, Jón Kolbeinn Jónsson og Vigdís Sigurðardóttir, fóru í reglubundið ítareftirlit í eldisstöð Íspórs, Þorlákshöfn, FE-1162, miðvikudaginn 28. janúar 2026. Viðstaddur eftirlitið af hálfu eftirlitsþega var Sverrir Valdemarsson stöðvarstjóri eldisstöðvarinnar.

Gengið var um fiskeldisstöðina og eldisker yfirfarin ásamt því að varnir gegn stroki voru skoðaðar. Þá var farið yfir gæðaskjöl og skráningar á skrifstofu fiskeldisstöðvarinnar og óskuðu eftirlitsmenn eftir að fá valin skjöl útprentuð og þjálfunarskrár allra starfsmanna eldisstöðvarinnar sendar í tölvupósti. Engin gögn bárust í tölvupósti frá eftirlitsþega en útprentuð gögn voru yfirfarin á skrifstofu Matvælastofnunar.

Í ljósi fjölda alvarlegra frávika og frávika í eftirlitsskýrslu þessari gerir Matvælastofnun þær kröfur að úrbótum á alvarlegum frávikunum og frávikum verði lokið innan þeirra tímamarka sem fram koma í skýrslunni.

Matvælastofnun mun framkvæma eftirfylgni eftirlit að þeim tíma loknum.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Gæðahandbók	16/03/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfunarskrá starfsmanna	16/03/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Nýliðaðþjálfun	16/03/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Verklagsreglur	16/03/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Viðbragðsáætlanir	16/03/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Innra eftirlit	16/03/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Innri úttekt – sannprófun	16/03/2026

Frávik	Úrbótafrestur
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi	16/03/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Eldisbúnaður og fiskheldni	16/03/2026

Viðstödd heimsókn Eldisstöðin Íspór hf.
Kennitala viðtakenda 660509-0380
Skoðunarmaður Jónína Guðmundsdóttir - Lögfræðingur
Tölvupóstur mast@mast.is

Undirbúningur 1 klst.
Frágangur 14 klst.
Tímar við úttekt 10 klst.
Akstur 1 klst.

Ekki var hægt að fá heildstætt yfirlit yfir þau atriði sem eru til staðar í gæðahandbók eftirlitsþega en slíkt er nauðsynlegt í þeim tilgangi að sannreyna m.a. að farið sé yfir allt efni gæðahandbókar á árlegum fundi og sannpröfun eftirlitsþega ná til allra kafla gæðahandbókar.

Starfslýsing stöðvarstjóra fyrir eldisstöðina er ekki fullnægjandi. Í henni er talað um stöðvarstjóra annarrar eldisstöðvar en Íspórs.

Verklag um þjálfun starfsfólks er ófullnægjandi. Nýliðabjálfun uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til þjálfunar starfsmanna skv. reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Í fyrrnefndri verklagsreglu um þjálfun starfsfólks er ekki tilgreind öll sú þjálfun sem kröfur eru um í viðauka III í reglugerðinni. Þar kemur fram að með nýliðabjálfun skuli starfsmenn fá þjálfun í eftirfarandi atriðum:

- Varnir gegn stroki; helstu ástæður fyrir stroki og hvernig best er að koma í veg fyrir þær.
- Viðbrögð við stroki.
- Meðhöndlun eiturefna þegar það á við.
- Þekkingu á verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti sem hann vinnur við.

Í verklagsreglu eftirlitsþega um þjálfun kemur fram að innan þriggja mánaða frá upphafi starfs skuli starfsmaður taka námskeið í eftirfarandi röð í Blue Planet Academy: meðhöndlun efna, forvarnir slysasleppinga og grunnnámskeið í heilsu, öryggi og umhverfi. Í 50. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 kemur fram að rekstrarleyfishafi skal tryggja að áður en starfsmenn hefja störf í fiskeldisstöð fái þeir þjálfun í að hindra stök og öðlist þekkingu og færni til að grípa strax til viðeigandi ráðstafana ef stök eiga sér stað og hvaða reglur gilda um veiðar á eldisfiski sem sleppur úr eldisstöð og hvernig framkvæma skal veiðar á þeim. Jafnframt skal nýjum starfsmönnum kynnt gæðakerfi eldisstöðvar og þær verklagsreglur sem farið er eftir við stjórnun í eldisstöðinni. Samkvæmt verklagsreglu eftirlitsþega fá starfsmenn ekki þá lágmarksþjálfun sem þeim ber samkvæmt reglugerðinni áður en þeir hefja störf.

Ekki kemur fram hvaða þjálfun þarf að viðhalda að lokinni nýliðabjálfun og tíðni þeirrar þjálfunar.

Verklagsreglan gildir frá 8. maí 2024 og átti að fara í endurskoðun þann 16. október 2025. Því er ljóst að komið er að endurskoðun.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Á meðan eftirliti stóð óskuð eftirlitsmenn eftir því að fá sendar með tölvupósti fyrir 30. janúar þjálfunarskrár fyrir alla starfsmenn eldisstöðvarinnar. Engin gögn bárust Matvælastofnun og því er skráð alvarlegt frávík.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Á meðan eftirliti stóð óskuðu eftirlitsmenn eftir því að fá sendar með tölvupósti fyrir 30. janúar þjálfunarskrár fyrir alla starfsmenn eldisstöðvarinnar. Engin gögn bárust Matvælastofnun og því ekki hægt að staðfesta að nýliðabjálfun hafi verið fullnægjandi. Í ljósi þessa er skráð alvarlegt frávík í eftirlitsskýrslu þessa.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Í eftirlitinu óskuðu eftirlitsmenn eftir því að sjá allar þær verklagsreglur sem giltu um fiskeldisstöðina. Af því yfirliti og þeim verklagsreglum sem eftirlitsmönnum var sýndar var ekki hægt að fullyrða að þær giltu um þessa eldisstöð enda voru þær merktar öðrum eldisstöðvum. Þá voru þær verklagsreglur sem eftirlitsmönnum voru sýndar í flestum tilfellum of almennar og vantaði upp á nánari lýsingu á framkvæmd þeirra, viðmið og fjölda starfsmanna sem þarf til verksins.

Verklagsregla um meðhöndlun á dauðfisk og meltugerð á ekki við um þessa tilteknu eldisstöð. Þar er talað um dauðfiskaháfa en slíkur búnaður er ekki til staðar í eldisstöðinni. Ekki er fjallað um sótthreinsun háfa sem notaðir eru við að taka sveimara. Þá er ekki tilgreint hvernig fötur og kór skulu merktar. Flokkun er ekki tilgreind í lið 10 í verklagsreglunni. Matvælastofnun telur ljóst að eftirlitsþegi fari ekki að öllu leiti eftir framangreindri verklagsreglu. Engar merkingar voru til staðar á körum sem dauðfiskur var settur í.

Í verklagsreglu um hreinlæti við inngöngu í framleiðsluvæði (Hygiene Procedure for Entering Production Areas) kemur fram að starfsmenn eigi að nota handsóttthreinsir og stíga í sóttthreinsifótabað áður en þeir stíga inn í framleiðsluvæðið. Þegar eftirlitsmenn gengu um eftirlitsstöðina voru ekki til staðar nein fótabað þegar gengið var út úr aðstöðurýmum inn í framleiðslurými. Þá voru handsóttthreinsir búnar víða. Matvælastofnun telur ljóst að eftirlitsþegi fari ekki að öllu leiti eftir framangreindri verklagsreglu.

Verklagsregla um flokkun seiða í stöð er ófullnægjandi. Ekki kemur fram hver er ábyrgðaraðili og skortur er á lýsingu framkvæmdar verksins og viðbragða komi til frávika.

Verklagsregla um flutning á fisk (internal tank transport of the fish) er ófullnægjandi. Í verklagsregluna vantar viðbrögð við frávikum t.d. ef barki rofnar eða þrýstingur við dælingu verður of mikill eða lítill.

Í verklagsreglu um bólusetningu vantar að tilgreina gæðaeftirlit með bólusetningunni. Samkvæmt upplýsingum eftirlitsþega er það framkvæmt en ekki haldið utan um það.

Matvælastofnun telur að ekki hafi verið farið eftir verklagi um þrif hvorki varðandi það að setja ristar aftur í eftir þrif né að þrifa á milli kynslóða en a.m.k. 20 seiði frá eldri kynslóð lágu dauð á gólfi í húsi b.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit

Frestur til úrbóta: 16/03/2026

Viðbragðsáætlanir

Í eftirlitinu óskuðu eftirlitsmenn eftir því að fá að sjá allar þær viðbragðsáætlanir sem giltu um fiskeldisstöðina. Af því yfirliti er ljóst að stór hluti af því sem skráð eru viðbragðsáætlanir eru verklagsreglur. Þá er ekki hægt að fullyrða að þær viðbragðsáætlanir sem eftirlitsmönnum var sýndar giltu um þessa eldisstöð enda voru þær merktar öðrum eldisstöðvum. Þá voru þær í flestum tilfellum of almennar og vantaði upp á nánari lýsingu á framkvæmd þeirra, viðmið og fjölda starfsmanna sem þarf til verksins.

Í viðbragðsáætlun um stök þarf að uppfæra netfang Matvælastofnunar í fiskeldi@mast.is. Í viðbragðsáætlunina kemur fram að hefja skuli veiðar eftir að Fiskistofu hafi verið tilkynnt um strokið. Fyrsta viðbragð á ávallt að vera að koma í veg fyrir að frekara stök verði og hefja veiðar á fiski eins fljótt og mögulegt er, því næst skal tilkynna Fiskistofu. Ekki kemur fram hvar net sem nota á við eru geymd eða hvernig á að nota þau. Þá er tilgreint í viðbragðsáætlunin að til notast skuli við fjórar tegundir af netum komi til stroks en í eldisstöðinni voru einungis til staðar þrjár tegundir af netum.

Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 ber rekstrarleyfishafa tilkynna ber um stök til næstu veiðifélaga en í viðbragðsáætlunin eru þau ekki tilgreind. Umrædd viðbragðsáætlun gildir fyrir þrjár eldisstöðvar og er í mörgum liðum sem eiga við mismunandi eldisstöðvar og getur verið ruglingslegt að lesa úr þeim.

Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar er ófullnægjandi. Einungis er um að ræða viðbragðsáætlun sem er tvíþætt, annars vegar vegna langrar rekstrarstöðvunar og hins vegar skyndilegrar rekstrarstöðvunar. Ekki er til staðar viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar eins og kröfur eru um í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, sbr. viðauki III. Í viðbragðsáætluninni er viðbrögðum ekki nægjanlega lýst, þá sérstaklega um þætti sem snúa að velferð og fódun fisk. Þá er ekki lýst hver tekureltu eða hvernig henni skuli safnað sama. Ekki er þörf á að hafa samráð við yfirdýralækni Matvælastofnunar við gerð áætlunar um förgun á fisk. Slíkt samráð á að vera við sérgreinadýralækni fisksjúkdóma.

Viðbragðsáætlun vegna neyðarslátrunar er of almenn og miðast bæði við sjó- og landeldi. Ekki er þörf á að hafa beri samráð við yfirdýralækni, sbr. lið 2.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit

Frestur til úrbóta: 16/03/2026

Innra eftirlit

Í verklagsreglu um innra eftirlit er ábyrgð á verkefnum er ekki rétt skilgreind. Starfsmenn sem sinna t.d. daglegum skráningum eiga ekki að framkvæma innra eftirlit á því hvort slíkt sé gert. Þá vantar inn í verklagsregluna tímamörk hvenær innra eftirlitið skuli framkvæmd, t.d. einu sinni í mánuði, vikulega o.s.frv.

Í eftirlitinu óskuðu eftirlitsmenn Matvælastofnunar eftir því að fá staðfestingar á skráningu innra eftirlits. Ekki var hægt að framvísa slíkri skráningu og lítur Matvælastofnun svo á að skráning sé því ekki til staðar.

Matvælastofnun telur ljóst að ekki sé farið eftir verklagsreglum eftirlitsþega í öllum tilfellum þegar verið er að sinna þeim störfum sem eldið krefst, þ.m.t. varðandi þrif á gólum, smitvarnir o.fl. Þetta eru atriði sem innra eftirlit ætti að varpa ljósi á að sé ábótavant í starfsemi eldisstöðvarinnar.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit

Frestur til úrbóta: 16/03/2026

Innri úttekt – sannprófun

Í eftirlitinu óskuðu eftirlitsmenn eftir að fá afrit af síðustu sannprófun sem framkvæmd var fyrir eldisstöðina útprentaða. Það skjal sem eftirlitsmönnum var afhent er einungis skráning í gátlista frá síðustu sannprófun en ekki sannprófunarskýrslan sjálf né úrbótaáætlun á grundvelli þeirra frávika sem skráð voru í sannprófuninni. Af gögnunum er heldur ekki hægt að sjá að í sannprófunarhópnum hafi verið aðili sem var óháður þeim þáttum sem verið var að sannprófa, að sannprófunin nái yfir alla kafla gæðahandbókarinnar eins og krafa er um í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Þá er heldur ekki að sjá af gátlistanum að sannprófunin hafi náð yfir alla þá þætti sem eftirlitsþegi tilgreinir í verklagsreglu um sannprófun.

Samkvæmt viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 ber að sannprófa að lágmarki einu sinni á ári, alltaf eftir stök eða önnur alvarleg óhöpp og þegar breytingar eiga sér stað á rekstri eldisstöðvarinnar. Matvælastofnun telur að ástæða hafi verið til frekari sannprófana en þá sem árleg sannprófun nær yfir, t.d. massadauða.

Frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit

Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

Frestur til úrbóta: 16/03/2026

Ekki er til staðar yfirlit yfir fiskeldisstöð þar sem fram koma frárennislagnir og niðurföll.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit

Eldisbúnaður og fiskheldni

Frestur til úrbóta: 16/03/2026

Eina rist vantaði í niðurfall á gólfi í húsi a og b. Samkvæmt starfsmanni eftirlitsþega hefur gleymst að setja ristina í við þrif. Þá lágu a.m.k. 20 dauð seyði frá fyrri kynslóð á gólfi í húsi b. Matvælastofnun telur því að ekki hafi verið farið eftir verklagi um þrif hvorki varðandi það að setja ristar aftur í eftir þrif né að þrifa á milli kynslóða.

14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008

Niðurlag

Þann 29/01/2026 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 04/02/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 9 skoðunaratriðum, þar af 7 alvarleg frávik og 2 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit: 13 af 14 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af voru 2 frávik og 7 alvarleg frávik.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á [Ísland.is](#).

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit

- | | | |
|------------------------------|---------------------------------|--------------------------------------|
| • Nýliðþjálfun | • Eftirlit með flutningi á fisk | • Búnaður til að endurheimta fisk |
| • Rekstrarleyfi | • Dagbókarfærslur | • Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi |
| • Eldisbúnaður og fiskheldni | • Gæðahandbók | • Þjálfunarskrá starfsmanna |
| • Viðbragðsáætlanir | • Innri úttekt – sannprófun | • Verklagsreglur |
| • Innra eftirlit | | |

Eftirfarandi atriði voru ekki skoðuð:

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Framleiðsluskýrsla